

Fréttablað mars 2018



Nemi

Brynja Gunnarsdóttir var hjá okkur í vinnustaðanámi í febrúar en hún er að læra leikskólaliðann í Borgarholtsskóla. Hún fór á allar deildir og skoðaði starfið sem fram fer þar. Hún á eftir að koma í 2-3 daga í viðbót á næstu vikum. Unnur Edda Björnsdóttir nemi við HÍ í tólmstunda- og félagsmálafræði ætlar að koma í vettvangsnám á Goðheima 7. – 27. mars. Bjóðum við þær velkomnar og vonum að þær eigi hjá okkur lærdómsríkan tíma.

Samstarf

Alda og Ása frá félagstarfi eldri borgara komu og lásu fyrir börnin á Goðheimum á sprengidaginn. Það var gaman að fá þær í heimsókn og spjölluðu börnin mikið við þær. Zoltán kennari í tónlistarskólanum kom með Arnór Daða í heimsókn. Þeir komu í íþróttahúsið í lok íþróttatíma og spiluðu nokkur lög fyrir börn og starfsfólk. Við þökkum þeim kærlega fyrir komuna.

Gallerý undir stiganum

Í tilefni af Degi stærðfræðinnar og Degi leikskólans var leikskólanum boðið að vera með sýningu í Gallerý undir stiganum á Bæjarbókasafni Ölfuss. Þáðum við það með þökkum og er búið að hengja þar upp verk frá öllum deildum. Verkin eru öll tengd sköpun og stærðfræði. Hvetjum við alla til þess að gera sér ferð til þess að skoða og ekki verra ef fólk tekur bók/bækur í leiðinni til þess að lesa heima. Bókasafns ferðir og bóklestur er eitthvað sem gott er að tileinka sér.

Bollu- sprengi- og öskudagur

Bollu- og sprengidagur voru með venjulegu sniði þetta árið en öskudagur var óhefðbundinn. Þar sem við höfum ekki sal var ákveðið að hafa rugldag en vegna veðurs komu Goðheimar ekki á rugldag í leikskólann. Goðheimar áttu góðan dag á deildinni sinni þar sem allir nutu þess að vera í búningum, dansa, horfa á mynd og fengu popp auk þess var þeim boðið að taka þátt í skrudgöngu með grunnskólanum og balli í salnum. Deildirnar í leikskólanum hittust á Trölla- og Hulduheimum í góðri stemmingu boðið var upp á andlits málningu, frjálсан leik og dans. Gátum við ekki betur séð en allir væru sáttir við öskudaginn þótt hann væri með öðru sniði en venjulega.

Konudagskaffi

Konudagskaffið sem var 16. febrúar tókst mjög vel góð mæting var af mömmum og ömmum sem áttu notalega stund með börnum og starfsfólki. Boðið var upp á vöflur með sultu og rjóma, kaffi og mjólk. Þökkum við öllum kærlega fyrir komuna.

Sumarleyfi

Sumarfrí í ár hefst 11. júlí og líkur 15. ágúst þann dag er starfsdagur kennara án nemenda og **mæta því nemendur fimmtudaginn 16. ágúst.**

Vikan 1. mars-4. mars

- 1. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 2. mars söngstund
- 2. mars **svartur litadagur**, allir mæta í einhverju **svörtu** eða með eitthvað **svart** á sér.

Vikan 5. mars-11. mars

- 8. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 9. mars rugldagur opið á milli deilda milli kl. 10.
- 9. mars umhverfisnefnd fundar kl 10.

Vikan 12.-18. mars

- 13. mars Félag eldri borgara í heimsókn á Hulduheima.
- 15. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 16. mars söngstund.

Vikan 19. mars -25. mars

- 22. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 23. mars söngstund.

Vikan 26. mars – 31. mars

- 29. mars skírdagur, **leikskólinn er lokaður**.
- 30. mars föstudagurinn langi, **leikskólinn er lokaður**.
- 2. apríl annar í páskum, **leikskólinn er lokaður**.

Kveðja Elsa aðstoðarleikskólastjóri